

Innra mats skýrsla 2022-2023

Patreksskóli



Október 2023

Ásdís Snót Guðmundsdóttir



Inngangur	3
Innramatsteymi	3
Starfsáætlun um innra mat	3
Niðurstöður mats	4
Niðurstöður innra mats	4
Heildarniðurstaða - Skólaprófill	5
Umbótaáætlun	6
Innra mat	6
1. Skipulag	6
2. Framkvæmd	8
3. Umbætur	11
Nám og kennsla	13
1. Árangur náms	13
2. Gæði kennslu	16
3. Námsvitund	18
4. Ábyrgð og þátttaka	20
5. Skipulag náms	23
Stjórnun og fagleg forysta	25
1. Samvirkni í stefnumótun	25
2. Faglegt samstarf og samræða	26
3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	27
4. Umbætur og innleiðing breytinga	29
5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	30
6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting	32
7. Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	33
Samantekt	34



Inngangur

Markmið skólans er að uppfylla 90% af viðmiðum um gæðastarf í Patreksskóla. Innra mati er ætlað að upplýsa hvernig gögn um innra mat gefa til kynna stöðu skólans gagnvart viðmiðum og vísbendingum um gæðastarf í Patreksskóla.

Þessi skýrsla fjallar um helsta viðfangsefni innra mats á árinu 2022-2023 sem var Nám og kennsla. Í skýrslunni er einnig að finna umbótaáætlanir fyrir hvert viðfangsefni: Innra mat; nám og kennslu; stjórnun og faglega forystu. Þar sem áhersla var á Nám og kennslu skólaárið 2022-2023 er sú umbóta áætlun fullunnin og verður ein af áhersluþáttum næsta skólaárs, 2023-2024. Í næstu innra mats skýrslu verða umbótaþættir teknir út eftir því sem þeir uppfylla gæðaviðmið. Gerð er grein fyrir viðmiðum og vísbendingum fyrir hvert viðfangsefni.

Skýrslan skiptist í sjö kafla ásamt inngangi og samantekt. Á eftir inngangi er fjallað um innra mats teymi, þar á eftir kemur umfjöllun um ytra mat og starfsáætlun um innra mat. Þá kemur kafli um niðurstöður mats, umbótaáætlun og að lokum samantekt.

Ásdís Snót Guðmundsdóttir

Innramatsteymi

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um starfið í Nýsköpunarskóla sem unnið með skipulögðum hætti. Innra mat er samvinnuverkefni alls skólasamfélagsins og allir hagsmunahópar þurfa að koma að helstu þáttum mats ferlisins, eftir því sem við á. Skólastjóri ber ábyrgð á innra mati í sínum skóla en mikilvægt er að framkvæmd og ut anumhald þess dreifist á fleiri aðila. Teymið sér um skipulag matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur, í samráði við skólastjóra.

Innramatsteymi Patreksskóla 2022-2023:

- Ásdís Snót Guðmundsdóttir, skólastjóri
- Lilja Björk Hauksdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu
- Jónína Helga Sigurðardóttir, kennari

Starfsáætlun um innra mat

Innra mats teymi Nýsköpunarskóla hittist reglulega og vinnur samkvæmt skipulagðri starfsáætlun. Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um starfið í Nýsköpunarskóla sem unnið með skipulögðum hætti. Starfsáætlun er áætlun innra mats teymis um það hvernig teymið vinnur kerfisbundið að því að vinna að því að umbótum. Starfsáætlun skólaársins, 2022-2023 er að finna [hérna](#) og skólaárið 2023-2024 er [hérna](#).



Niðurstöður mats

Niðurstöður matsins eru lagðar fram í þrem megin þáttum og byggt á matslistum um viðmið og vísbendingum:

- [Innra mat](#)
- [Nám og kennsla](#)
- [Stjórnun og fagleg forysta](#)

Þar sem viðfangsefni innra mats skólaársins 2022-2023 var Nám og kennsla er einungis fjallað um það í þessari skýrslu en það hefst á bls. [13](#) . Viðfangsefnið Nám og kennsla er annað viðfangsefnið í nýju sniðmáti Nýsköpunarlykilsins. Næsta haust verður áherslan á Stjórnun og faglega forystu og umbóta þætti Náms og kennslu.

Gögnin sem eru nýtt í matslistunum eru hengd við eftir því sem við á og til er. Matið sjálf fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræða niðurstöður og bera saman við viðmiðin.

Matsviðmiðin eru eftirfarandi og sett fram í litum:

	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag sem uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta.
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Niðurstöður innra mats

Sérstök markmið innra mats síðasta skólaárs var að taka upp nýtt sniðmát fyrir innra mat þar sem áherslur Nýsköpunarlykilsins eru hafðar að leiðarljósi. Viðfangsefni innra matsins var Nám og kennsla en helsta áskorunin sem við stóðum frammi fyrir var að innleiða leiðsagnarnám, námsvísar og námsmatsstefna. Innleiðing leiðsagnarnáms er ekki lokið en komin vel á veg, gert er ráð fyrir að innleiðing leiðsagnarnáms taki 3-5 ár þar sem um nokkra áherslubreytingu er að ræða. Námsvísirinn fyrir skólaárið 2023-2024 var unninn snemma í vor og náðst hefur góður árangur með hann. Námsmatsstefnan kláraðist einnig sl. sumar og hafa kennarar strax ná að tileinka sér ný vinnubrögð varðandi námsmat. Öll þessi vinna styrkir þá þætti í innramatinu sem þarfnast úrbóta þó svo að margt hafi áunnist.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um Nám og kennslu voru starfsáætlanir, námsvísir, kennslustundainnlit, skólustefna og [matslistar](#) ásamt könnunum. Nokkuð mörg atriði falla undir ljósgrænt þar sem meiri styrkleikar en veikleikar eru ríkjandi.



Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Litið er á það sem tækifæri til umbóta sem unnið verður að á næsta skólaári. Tvö viðfangsefni af fimm eru gulir og bera merki um meiri styrkleika en veikleika. Viðunandi verklag sem uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Þeir þættir sem eru gulir eru, Árangur náms og námsvitund. Þeir þættir sem eru ljósgrænir eru Gæði kennslu, Ábyrgð og þátttaka og Skipulag náms. Hér er tækifæri til umbóta sem unnið verður að á næsta skólaári. Má segja að skólastarf í Patreksskóla sé að færast í átt að auknum gæðum en eins og oft er í skólastarfi þá tekur tíma að innleiða breytingar.

Heildarniðurstaða - Skólaprófill

Heildarniðurstaða eftir að hver matsþáttur hefur verið skoðaður birtist í eftirfarandi mynd. Þá er búið að meta tvo þætti, Innra mat og Nám og kennsla. Þriðji og síðasti þátturinn í rúllunni er Stjórnun og fagleg forysta ásamt umbótaráttum Náms og kennslu. sem verður metinn skólaárið 2023-2024.

Stjórnun og fagleg forysta	Nám og kennsla 2022-2023	Innra mat 2021-2022
Samvirkni í stefnumótun	Árangur náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Gæði kennslu	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Námsvitund	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga	Ábyrgð og þátttaka	
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Skipulag náms	
Starfsmannastjórnun og verkaskipting		
Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna		



Umbótaáætlun

Innra mat

1. Skipulag						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Aðferðir við mat	Viðmið um árangur	Upphaf	Lok
1.3	Meta markmið nýsköpunarstefnu skólans samkvæmt Cæðahandbók nýsköpunarlykilsins og skólastefnu Vesturbyggðar . Stefna skólans er metin reglulega í gegnum innra mat og kemur fram í langtímaáætlun	Matsteymi	Samkvæmt stöðlum innra mats og gæðaviðmiða nýsköpunar lykilsins	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.	Sept. 2022	Maí 2023
1.4	Meta þær stefnur sem skólinn kennir sig við kerfisbundið og setja sem hluta af innra matinu. Stefnurnar eru: Nýsköpunar lykillinn, heilsueflandi skóli, Uppbyggingarstefnan	Matsteymi	Spurningarlistar og matslistar	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.	Sept. 2022	Maí 2023



	og réttindaskóli UNESCO.					
1.5	Setja markmið um innra mat.	Skólastjór/ matsteym i	Starfsáætlun innra mats	Markmið birtist í starfsáætluninni	Júlí 2022	Sept. 2022
1.8	Ítarleg starfsáætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir.	Skólastjóri	Starfsáætlun innra mats	Starfsáætlun liggja fyrir á heimasíðu skólans	Júlí 2022	Sept. 2022
1.10	Innra mat nær með skýrum hætti yfir alla helstu þætti skólastarfsins, nám og kennslu, stjórnun, faglega forystu og mati á aðferðum innra mats.	Matsteymi	Starfsáætlun innra mats Innra mats skýrsla	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.	Ágúst 2021	Ágúst 2024
1.12	Safna þarf frekari gögnum til að nýta í innra mat.	Matsteymi /skólastjór	Öll gögn birtast á heimasíðu Patreksskóla.	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.	Sept. 2022	Maí 2023

- 1.1. Á heimasíðu er umfjöllun um þær kerfisbundnu aðferðir sem skólinn notar við að meta sitt innra starf.
- 1.2. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats það skólaárið.
- 1.3. Markmið nýsköpunarstefnu skólans eru metin markvisst og reglubundið með skipulögðum hætti.
- 1.4. Þau verkefni/stefnur sem skólinn kennir sig við eru metin kerfisbundið og eru hluti af innra mati skólans¹.
- 1.5. Skólinn setur sér markmið um innra mat.
- 1.6. Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.

¹ Nýsköpunarskóli, Byrjendalæsi, Heilsueflandi skóli, uppeldisstefnur, Umhverfisstefna, Réttindaskóli UNESCO, Jákvæður agi, Barnvænt samfélag eða annað sambærilegt.



- 1.7. Langtímaáætlun endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.
- 1.8. Ítarleg starfsáætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir.
- 1.9. Innra mat er álitnið mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.
- 1.10. Innra mat nær með skýrum hætti yfir alla helstu þætti skólastarfsins, nám og kennslu, stjórnun, faglega forystu og mati á aðferðum innra mats.
- 1.11. Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- 1.12. Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra matinu.

2. Framkvæmd						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Aðferðir við mat	Viðmið um árangur	Upphaf	Lok
2.2	Teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila hefur umsjón með framkvæmd innra mats.	Skólastjóri	Sett inn í starfsáætlun skólaráðs	Fulltrúar skólaráðs fer yfir starfsáætlun innra mats og umbótaáætlanir.	Ágúst 2022	Okt. 2022
2.3	Innra matsteymi fundar reglulega og fylgir eigin starfsáætlun.	Skólastjóri	Sett inn í fundaáætlun og fundagerðir.	Fundagerðir teymisins birtar opinberlega.	Ágúst 2022	Maí 2023
2.5	Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.	Skólastjóri/keppnarrar	Niðurstöður nýttar til að bæta árangur með skýrslugerð.	Niðurstöður gerðar opinberar og bornar saman ári til árs	Ágúst 2022	Maí 2023



2.8	Innramatsteymið hefur skipulagt og greint frá í starfsáætlun teymisins hvernig fyrirhugað er að afla gagna til að leggja mat á stöðu skólans gagnvart gæðaviðmiðum.	Skólastjóri/matsteymi	Sett fram í starfsáætlun innra matsteymis.	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf	Ágúst 2022	Maí 2023
2.9	Reglulega eru endurskoðaðar aðferðir innra mats og lagt mat á hvort endurskoða þurfi matsaðferðirnar.	Matsteymi	Rýnt á matsfundum.	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf	Ágúst 2022	Maí 2023
2.10	Skólinn gerir grein fyrir því hvernig markmið í stefnu skólans eru metin.	Skólastjóri	Birt á heimasíðu og starfsáætlun.	Markmið í stefnum skólans metin og gerð grein fyrir mati,	2022	2024
2.11	Stefnuviðmið þeirra verkefna og þeirrar skólastefnu sem skólinn kennir sig við eru metin reglulega	Matsteymi / skólastjóri	Sett í starfsáætlun innra mats.	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf	2022	2025
2.12	Skólinn hefur sett sér sérstök markmið um sköpun og skapandi starfshætti með börnum. Þessi markmið eru metin reglulega	Kennarar/ matssteymi	Birtist í skólanámskrá Vesturbyggðar og gæðaviðmiðum um gæðastarf Nýsköpunarlykilsins.	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf	2022	2023



2.13	Reglubundið mat fer fram á viðhorfum nemenda, foreldra og starfsmanna til náms og um líðan og samskipti í skólasamfélaginu.	Skólastjóri / matsteymi	Kannanir sendar út á hverri vorönn	Niðurstöður kannanna birtar á heimasíðu skólans.	Feb. 2023	Maí 2023
2.15	Nemendur eru virkir þátttakendur í innra mati.	Skólastjóri / matsteymi	Nemendur sitja í skólaráði sem fer með verkefni innra matsteymis. Spurningakannanir.	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.	2022	2024
2.18	Skólastjórnendur fylgjast reglubundið með kennslu og nýta gögn til umbóta í samráði við kennara.	Skólastjóri / kennsluráð gjafar Ásgarðs	Gátlistar, rýnifundir.	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.	2022	2023

- 2.1. Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- 2.2. Teymi² með fulltrúum allra hagsmunaaðila hefur umsjón með framkvæmd innra mats.
- 2.3. Innra matsteymi fundar reglulega og fylgir eigin starfsáætlun.
- 2.4. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati (s.s. sveitarfélags og ráðuneytis) í innra mati.
- 2.5. Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.
- 2.6. Hagsmunaaðilar skólastarfsins (nemendur, foreldrar, starfsfólk og fulltrúar nærumhverfisins) geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi eða aðkomu skólaráðs).
- 2.7. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- 2.8. Innramatsteymið hefur skipulagt og greint frá í starfsáætlun teymisins hvernig fyrirhugað er að afla gagna til að leggja mat á stöðu skólans gagnvart gæðaviðmiðum.
- 2.9. Reglulega eru endurskoðaðar aðferðir innra mats og lagt mat á hvort endurskoða þurfi matsaðferðirnar.

² Leiðbeiningar um innra mat í grunnskólum; Matsteymi þátttaka í innra mati 2016: bls 9



- 2.10. Skólinn gerir grein fyrir því hvernig markmið í stefnu skólans eru metin.
- 2.11. Stefnuviðmið þeirra verkefna og þeirrar skólastefnu sem skólinn kennir sig við eru metin reglulega³.
- 2.12. Skólinn hefur sett sér sérstök markmið um sköpun og skapandi starfshætti með börnum. Þessi markmið eru metin reglulega.
- 2.13. Reglubundið mat fer fram á viðhorfum nemenda, foreldra og starfsmanna til náms og um líðan og samskipti í skólasamfélaginu.
- 2.14. Leikir, nám og kennsla eru í stöðugu umbótaferli.
- 2.15. Nemendur eru virkir þátttakendur í innra mati.
- 2.16. Mat á framförum nemenda er stöðugt umfjöllunarefni í námsmati nemenda.
- 2.17. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram reglulega og skipulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.
- 2.18. Skólastjórnendur fylgjast reglubundið með kennslu og nýta gögn til umbóta í samráði við kennara.
- 2.19. Kennarar fá ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn til umbóta.
- 2.20. Stjórnendur sjá um að niðurstöður séu skráðar og aðgengilegar aðilum sem málið varðar.

3. Umbætur						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Aðferðir við mat	Viðmið um árangur	Upphaf	Lok
3.1	Áætlanir um umbætur eru kynntar öllu starfsfólki og skólaráði með formlegum hætti.	Skólastjóri	Sett inn í fundaáætlanir.	Kynnt á fyrsta starfsmannafundi og fyrsta fundi skólaráðs.	Ágúst 2022	Nóv. 2023
3.10	Brugðist er við niðurstöðum innra og ytra mats sem gefa til	Skólastjóri	Allir þættir sem eru ekki dökkgrænir verða setti í umbótaáætlun.	Sjá matslista og innra mats skýrsluna .	Ágúst 2022	Maí 2023

³ Meðal annars, Byrjendalæsi, Heilsueflandi skóli, Umhverfisstefna, Réttindaskóli UNESCO, Jákvæður agi, Nýsköpunarskóli, Barnvænt samfélag eða annað sambærilegt.



3. Umbætur						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Aðferðir við mat	Viðmið um árangur	Upphaf	Lok
	kynna að úrbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.					
3.11	Þegar niðurstöður mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.	Skólastjóri	Sett inn í starfsáætlun skólaráðs	Sjá starfsáætlun skólaráðs og fundagerðir hérna .	Ágúst 2022	Des. 2023

- 3.1. Áætlanir um umbætur eru kynntar öllu starfsfólki og skólaráði með formlegum hætti.
- 3.2. Á hverju vori liggur fyrir skýrsla um innra mat sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.
- 3.3. Skýrsla um innra mat sýnir á skýran hátt hvernig innramatsteymi telur að staðan á matsþáttunum þremur standi gagnvart þeim viðmiðum sem sett hafa verið.
- 3.4. Í skýrslu um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og ítarleg lýsing á fyrirhuguðum umbótum.
- 3.5. Í skýrslu um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.
- 3.6. Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir fyrir markmið sem hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.
- 3.7. Umbótaáætlun er tímasett og í henni skilgreindir ábyrgðaraðilar fyrir umbótunum.
- 3.8. Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær á að meta árangur aðgerða.
- 3.9. Tilgreint er í umbótaáætlun hvernig á að meta árangur aðgerða.
- 3.10. Þegar niðurstöður mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- 3.11. Brugðist er við niðurstöðum innra og ytra mats sem gefa til kynna að úrbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.



Nám og kennsla

1. Árangur náms						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Aðferðir við mat	Viðmið um árangur	Upphaf	Lok
1.1	Leiðsagnarnám og námsmenning er einkennandi þar sem markmið eru skýr og viðmið um árangur eru öllum kunn. Nemendur fá stöðugt tækifæri til að bæta nám sitt á grundvelli leiðsagnarmats.	Skólastjóri/ kennara	Kennsluinnlit. Gátlistar.	Kennslustundir þar sem leiðsagnarnám er ríkjandi	Ágúst 2023	Maí 2024
1.5	Matsviðmið við lok 4. og 7. bekkjar eru höfð við viðmiðunar um framfarir nemenda og skoðuð eru sérstaklega með framfarir nemenda í huga.	Skólastjóri/ kennarar	Lotulok á 6 vikna fresti	Námsmatsstefna Patreksskóla.	Ágúst 2023	Maí 2024
1.7	Viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni eru skráð og aðgengileg nemendum, foreldrum og kennurum	Kennarar	Askurinn	Aðgengileg nemendum en ekki foreldrum. Verður komið í gagn við á þessu skólaári.	Ágúst 2023	Maí 2024



1. Árangur náms						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Aðferðir við mat	Viðmið um árangur	Upphaf	Lok
1.8	Sérstök áhersla er lögð á að nám sé skapandi ferli. Þegar nemandinn getur orðað og gert grein fyrir nýrri hæfni eða þekkingu sem hann hefur öðlast hefur árangur náðst. Við lok verkefna gera nemendur grein fyrir því sem þau hafa lært eða uppgötvað.	Kennarar	Lokamatsviðtöl á sex vikna fresti.	Námsmatsstefna Patreksskóla.	Ágúst 2023	Maí 2024
1.16	Nemendur gera eigin námsáætlanir í samvinnu við kennara og foreldra og meta árangurinn.	Skólastjóri / kennarar.	Matsviðtöl á sex vikna fresti.	Námsmatsstefna Patreksskóla.	Ágúst 2023	Maí 2024

- 1.1. Leiðsagnarnám og námsmenning er einkennandi þar sem markmið eru skýr og viðmið um árangur eru öllum kunn. Nemendur fá stöðugt tækifæri til að bæta nám sitt á grundvelli leiðsagnarmats.
- 1.2. Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og 10. bekkjar eru nýtt sem grunnur að verkefnum nemenda. Skólinn útbýr ekki eigin hæfniviðmið heldur vinnur stöðugt að hæfniviðmiðum aðalnámskrár með fjölbreyttum verkefnum þar sem viðmið um árangur eru skýr. Námsmat byggir á verkefnum nemenda sem eru sýnileg og skýrt tengd námsmatinu.
- 1.3. Viðmið um árangur eru metin með orðunum hæfni náð”, “á góðri leið”, “tók ekki þátt” og “hæfni umfram viðmið”.
- 1.4. Lokamat á sér stað við lok 10. bekkjar út frá matsviðmiðum 10. bekkjar.
- 1.5. Matsviðmið við lok 4. og 7. bekkjar eru höfð við viðmiðunar um framfarir nemenda og skoðuð eru sérstaklega með framfarir nemenda í huga.



- 1.6. Nemendum er gert kleift að ná árangri umfram hæfni- og aldursviðmið.
- 1.7. Viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni eru skráð og aðgengileg nemendum, foreldrum og kennurum.
- 1.8. Sérstök áhersla er lögð á að nám sé skapandi ferli. Þegar nemandinn getur orðað og gert grein fyrir nýrri hæfni eða þekkingu sem hann hefur öðlast hefur árangur náðst. Við lok verkefna gera nemendur grein fyrir því sem þau hafa lært eða uppgötvað.
- 1.9. Litið er svo á að allir nemendur geti tekið framförum í námi og fundnar leiðir til þess.
- 1.10. Gagnkvæm og regluleg upplýsingamiðlun um líðan, nám og framfarir nemenda á sér stað á milli nemenda, kennara og foreldra.
- 1.11. Nemendur fá mjög reglulega tækifæri til að sýna náms- og lykilhæfni sína með verkum sínum.
- 1.12. Nemendur rökstyðja val á viðfangsefnum sínum og sýna fram á tengingu nýrrar þekkingar við hugmyndir sínar.
- 1.13. Framfarir hvers nemanda eru skráðar reglulega, m.a. samkvæmt könnunum og skimunum, og nýttar til að kortleggja framfarir nemandans.
- 1.14. Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og endurskoða áætlanir.
- 1.15. Nemendur setja sér sín eigin viðmið þegar við á og taka fullan þátt í að meta hvort verkefnavinna þeirra standist eigin væntingar.
- 1.16. Nemendur gera eigin námsáætlanir í samvinnu við kennara og foreldra og meta árangurinn.
- 1.17. Nemendasamtöl um framgang námsins og líðan eru reglubundinn hluti af námsmati.
- 1.18. Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum sínum.



2. Gæði kennslu						
Tæk ifæri til um bót a	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Aðferðir við mat	Víðmið um árangur	Upph af	Lok
2.7	Verkefni hafa oft augljósan og raunverulegan tilgang.		Kennarar	Innlit í kennslustundir.	Nemendur viti hvað þeir eru að læra og af hverju.	Sept. 2023 Maí 2024
2.16	Kennslufræðileg hæfni kennara kemur skýrt fram í skipulagi náms og kennslu.		Skólastjóri	Starfsmannasamtöl, starfsáætlun.	Starfsáætlun Patreksskóla.	Sept. 2023 Maí 2024
2.18	Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulagi í námi hópsins.		Skólastjóri / kennarar	Spurningalisti. Námsvísir.	Námsvísir Patreksskóla.	
2.19	Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.		Kennarar	Askurinn	Einstaklingsmiðuð verkefni.	Sept. 2023 Maí 2024
2.22	Nemendur eiga kost á að nýta fjölbreyttan tækjabúnaði í rannsóknum sínum.		Skólastjóri / kennarar	Kennslu innlit	Námsvísir Patreksskóla.	



2. Gæði kennslu						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Aðferðir við mat	Viðmið um árangur	Upphaf	Lok
2.23	Norræn hæfnimarkmið og kennslufræðilegar áherslur í frumkvöðlamennt eru nýtt til að rýna í gæði kennsluáætlananna og lögð sérstök áhersla á í viðfangsefni innra mats á hverju skólaári.	Skólastjóri / kennarar	Askurinn	Þarf að setja norrænu hæfniviðmiðin inn í Askinn.	Jan. 2023	Maí 2023

- 2.1. Hæfni nemenda til að skapa er miðja kennslufræðilegar útfærslu verkefna í rúmum meirihluta verkefna sem nemendur fást við.
- 2.2. Lögð er áhersla á getu nemenda til aðgerða og athafna og kerfisbundið er unnið með lykilhæfnina.
- 2.3. Verkefni nemenda snúast um að efla nemendur og auka hæfni þeirra.
- 2.4. Áhugasviðsverkefni eru áberandi og áhugasvið nemenda fær reglulega að njóta sín.
- 2.5. Nemendur fá tækifæri til að vinna sjálfstætt og látið er reyna á þrautseigju.
- 2.6. Starfsfólk er skapandi og leitar leiða til að fara ótroðnar slóðir til að gefa nemendum tækifæri á að virkja sköpunarkraft sinn í verkefnavinnu og starfi.
- 2.7. Verkefni hafa oft augljósan og raunverulegan tilgang.
- 2.8. Verkefni reyna gjarnan á tengslanet nemenda og raunveruleg samskipti innan og utan kennslustofunnar.
- 2.9. Nemendur fá tækifæri til að útfæra eigin hugmyndir með verkefnum sínum.
- 2.10. Nemendur fá reglulega tækifæri til þess að láta ljós sitt skína, hver á sinn hátt.
- 2.11. Hnattvæðing og afleiðing hnattvæðingarinnar eru raunveruleg viðfangsefni nemenda og leiðir til að breyta heiminum til hins betra er hluti verkefnanna.
- 2.12. Verkefni nemenda snúast að miklu leyti um að æfa í öruggu umhverfi starfshætti fullorðinna, skipuleggja raunverulega



viðburði, koma viðskiptataækifærum í framkvæmd og koma raunverulega að því sem í rekstri felst

- 2.13. Leikur er nýttur sem kennsluáferð.
- 2.14. Nemendur vinna saman að úrlausn verkefna og fá tækifæri til þess að ígrunda nám sitt.
- 2.15. Læsi er áberandi þáttur í skólastarfinu og tengist öllum námssviðum.
- 2.16. Kennslufræðileg hæfni kennara kemur skýrt fram í skipulagi náms og kennslu.
- 2.17. Í einstaklingsnámskrám sést hvernig tilhögun stuðnings einstakra nemenda er háttað og mælanleg markmið greinileg en þó tengd almennum starfsháttum nemenda.
- 2.18. Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulagi í námi hópsins.
- 2.19. Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.
- 2.20. Skipulag í kennslustofum og á göngum gefur nemendum tækifæri til að velja sér vinnuástöðu eftir viðfangsefnum á vinnustöðvum.
- 2.21. Tölvur eru að minnsta kosti miðlægar og aðgengilegar öllum nemendum við upplýsingaleit sem nýtist í námi.
- 2.22. Nemendur eiga kost á að nýta fjölbreyttan tækjabúnaði í rannsóknum sínum.
- 2.23. Norræn hæfnimarkmið og kennslufræðilegar áherslur í frumkvöðlamenteinu eru nýtt til að rýna í gæði kennsluáætlananna og lögð sérstök áhersla á í viðfangsefni innra mats á hverju skólaári.

3. Námsvitund						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Aðferðir við mat	Viðmið um árangur	Upphaf	Lok
3.3	Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.	Kennarar	Nemendakönnun.	Námsmarkmið og viðmið um árangur þurfa að vera sýnilegri.	Sept. 2023	Maí 2024



3. Námsvitund						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Aðferðir við mat	Viðmið um árangur	Upphaf	Lok
3.4	Nemendum eru ljós markmið og viðmið um árangur sem birt eru í námsvísunum.		Kennarar	Kennslustundarinnlit	Markmið og viðmið um árangur þarf að kynna í upphafi kennslustundar.	Sept. 2023 Janúar 2024
3.5	Nemendur læra að setja sér markmið í námi og nýta það kerfisbundið.		Kennarar	Matsviðtöl á sex vikna fresti.	Námsmatsstefna Patreksskóla.	Okt. 2023 Maí 2024
3.6	Nemendur og foreldrar eru kerfisbundið virkir þátttakendur um skipulag náms og persónumiðaðar áherslur.		Skólustjóri / kennarar	Nemendastýrð foreldraviðtöl.	Námsmatsstefna Patreksskóla.	Okt. 2023 Feb. 2024
3.14	Fræðsla um heilbrigða lífshætti og áhættuhegðun er skipulögð og birtist slík hegðun í daglegu skólastarfi.		Kennarar /skólustjóri	Starfsáætlun nemenda og námsvísir Patreksskóla.	Námsvísir Patreksskóla.	

- 3.1. Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt, nota hugmyndaflug og sköpunargleði.
- 3.2. Nemendur nýta eigið tengslanet í námi sínu.
- 3.3. Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
- 3.4. Nemendum eru ljós markmið og viðmið um árangur sem birt eru í námsvísunum.



- 3.5. Nemendur læra að setja sér markmið í námi og nýta það kerfisbundið.
- 3.6. Nemendur og foreldrar eru kerfisbundið virkir þátttakendur um skipulag náms og persónumiðaðar áherslur.
- 3.7. Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum nemenda.
- 3.8. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.
